

Umferðaröryggi á vegamótum Suðurlandsvegur-Bláfjallavegar, Suðurlandsvegur-Bolöldu og Suðurlandsvegur-Litlu Kaffistofunnar – mars 2018. Arna Kristjánsdóttir, Efla.

Tilgangur þessa verkefnis var að meta umferðaröryggi þrennra vegamóta á Suðurlandsvegi, meðal annars hvort breytingar sem gerðar voru á vegamótunum hafi stuðlað að bættu umferðaröryggi.

Fyrir breytingar voru vegamót við Bolöldu og Litlu Kaffistofuna hefðbundin T-vegamót, en við Bláfjallaveg var 100 m frárein með yfirborðsmerktu hægribeygjuframhjáhlaupi. Nýjar útfærslur tenginganna þóttu óhefðbundnar að því leyti að sérakreinar taka við vinstribeygju frá hliðarvegi.

Breytingar á vegamótum voru gerðar árið 2011. Við mat umferðaröryggisins var tímabilið 2006-2016 skoðað. Þá urðu samtals 24 óhöpp við vegamótin þrjú. Flest þeirra urðu við vegamót Litlu Kaffistofunnar, 10 fyrir breytingu og 8 eftir breytingu (og eitt meðan á breytingum stóð). Samtals urðu aðeins 5 óhöpp á hinum tengingunum, 3 fyrir breytingu og 2 eftir.

Þegar óhappatíðni (fjöldi óhappa á milljón ökutæki um vegamótin) og slysatíðni (fjöldi óhappa með meiðslum á milljón ökutæki um vegamótin) fyrir allt tímabilið eru skoðuð, reiknast óhappatíðnin 0,56 fyrir Litlu Kaffistofuna og slysatíðnin 0,16. Óhappa og slysatíðni er mun lægri fyrir hin gatnamótin samanlagt, eða 0,084 óhöpp og 0,015 slys á milljón ökutæki. Tekin var saman sambærileg tölfræði fyrir 10 önnur gatnamót á Hringveginum á sama tímabili og var óhappatíðnin 0,5 óhöpp á milljón ökutækja en slysatíðnin 0,16. Gatnamótin við Litlu Kaffistofuna eru þannig á svipuðu róli, en hin gatnamótin eru bæði vel fyrir neðan, þegar allt tímabilið er skoðað. Þegar sambærilegar tölur eru reiknaðar fyrir og eftir breytingar á gatnamótunum, kemur í ljós að bæði óhappatíðni og slysatíðni hefur lækkað, en setja verður mikinn fyrirvara á þær niðurstöður, vegna þess hversu fá óhöpp og slys urðu þarna í raun.

Megin niðurstaða þessarar athugunar er að ekki verði dregnar ályktanir um hvort breytingarnar hafi haft áhrif á umferðaröryggi vegamótanna. Bent er á að e.t.v. megi fá betri mynd af þessu með sambærilegri samantekt eftir nokkur ár.